

Sent í tölvupósti

Reykjavík, 13. apríl 2023

Alþingi
Atvinnuveganefnd
b.t. Stefán Vagn Stefánsson, formaður

Efni: Umsögn til atvinnuveganefndar vegna frumvarps til laga um breytingu á búvörulögum, nr. 99/1993, með síðari breytingum (niðurgreiðsla á raforku til garðyrkjubænda, 101. mál, 153. löggjafarþing.

Tilgangur búvörulaga nr. 99/1993 er, skv. b. lið 1. gr. laganna, m.a. að framleiðsla búvara til neyslu og iðnaðar verði í sem nánustu samræmi við þarfir þjóðarinnar og tryggi ávallt nægjanlegt vöruframboð við breytilegar aðstæður í landinu. Talsvert vantar uppá til að þetta ákvæði laganna sé uppfyllt en með breytingu þeirri sem felst í frumvarpi þessu má ná fram markmiðum um verulega aukna innlenda framleiðslu garðyrkjuafurða. Aukin innlend grænmetisframleiðsla er jafnframt ein af þeim forgangsáðgerðum í landbúnaðarmálum sem tiltekin er í aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum.

Bændasamtökin telja því mikilvægt að frumvarpið verði samþykkt og að aðgerðunum fylgi tilheyrandi fjármagn.

Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Hilmar Vilberg Gylfason, lögfræðingur